Sambykkt þann
06 MARS 2002
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
... Kristján Þórarinsson




Grunnnmynd–milliloft




Grunnmynd




## Byggingarlýsing og brunavarnir

### Notkunarlýsing:

Húsið er hannað fyrir starfsemi Þjónustuhúss Hafnarfjarðar. Annars vegar er iðnaðarhluti fyrir geymslu, umferðadeild, þjónustudeild, garðyrkjudeild og verkstæði. Hins vegar er starfsmannaaðstaða. Gert er ráð fyrir allt að 44 starfsmönnum í húsinu.

### Byggingarlýsing:

Húsið er límtréshús á steyptum grunni og steypt botnplata.

Þak:

Þak í iðnaðarhluta er með stálklæðningu að utan og innan, einangraðar með steinullareinangrun, þ.e með viðurkenndum samlokueiningum.

Þak í starfsmannahluta er hefðbundið þak byggt upp með stálklæðningu, lektum, pappa, 25 mm tréborðum, trésperrum, 200 mm steinullareinangrun og klætt með klæðningu í flokki 1, nema á böðum þar sem koma rakavarðar spónaplötur.

Útveggir:

Í iðnaðarhluta eru útveggir gerðir úr viðurkenndum steinullar samlokueiningum. Í starfsmannahluta eru útveggir byggðir upp á hefðbundinn hátt, stálklæðning að utan og 12mm krossviður á timburgrind og klætt að innan með klæðningu í flokki 1. gifs 2x13mm á lektur 34x45mm grind. Einangrun er 100mm steinullareinangrun.

Milliveggir:

Milliveggir í iðnaðarhluta eru byggðir upp með tréstoðum og klæddir báðu megin með 16 mm eldþolnum spónaplötum. Veggir eru einangraðir með 100 mm steinullareinangrun, nema veggir kringum verkstæði eru með 50 mm harðpressaðri steinull (40 kg/m ).

Veggur milli iðnaðar– og starfsmannahluta er byggður upp með tréstoðu og klæddir mmeð 16mm eldþolnum spónaplötum iðnaðarhluta megin og 2x13mm gifs að starfsmannahluta, hann gengur upp fyrir þak starfsmannahluta og er jafnframt útveggur í iðnaðarhluta.

Milliveggir í skrifstofuhluta eru annars vegar hefðbundnir hlaðnir veggir með múrhúð við voteiningar og hinsvegar veggir klæddir með tvöföldum 13 mm gifsplötum á álstoðum og einangraðir með 50 mm steinullareinangrun.

Öll lokuð rými eru loftræst með vélrænni loftræsingu, einnig böð og geymsla fyrir útigalla.

Gólfniðurföll eru við handlaugar og ræstivaska.

Öll dyraop í umferðarleiðum eru a.m.k 90 cm

Milliloft:

Milliloft í iðnaðarhluta er hefðbundið timburgólf, REI30 geymsluloft, byggt á stálstoðum og stálburðarbitum
klætt með 12mm eldþolnum spónaplötum að neðan,
en að ofan með 22 mm spónaplötur.
Stigar að milliloftum eru R30.

Sorpgeymsla:
Undirstöður,hliðar og bak ásamt þaki er úr steinsteypu, en framhlið timburklædd.

Klefi fyrir loftpressu:
Undirstöður,hliðar og bak ásamt þaki er úr steinsteypu REI60, hurð EIC30.

Kólnunartölur:

| | | |
|---|---|---|
| Útveggir | ∠ | 0,40 $w/m^2 °C$ |
| Þak | ∠ | 0,20 $w/m^2 °C$ |
| Gólf | ∠ | 0,30 $w/m^2 °C$ |

### Brunavarnir: sjá brunavarnaruppdrátt teikn.104

Húsinu er skipt upp í iðnaðarhluta og starfsmannahluta með REI60 vegg og EI–CS60 hurðum. Iðnaðarhluta er skipt í fimm brunahólf, milli þeirra koma veggir sem eru brunaþolnir REI60. Starfsmannahluta er skipt í nokkur brunahólf með EI60 veggjum og EI–CS30/EI–S30 hurðum, og E30 gluggum. Límtrés bogar og límtrés þakásar á iðnaðarsvæði og límtrés burðarvirki í starfsmannahluta skulu uppfylla R60. Frágangur á samlokueiningum og REI60 veggjum á milli brunahólfa sjá sérmyndir, öðru leiti skal frágangur milli brunahólfa vera samkv. kröfum brunamálastofnunar.

Milliloft í iðnaðarhluta er hefðbundið timburgólf REI30 og stigar R30.

Klæðningar sjá byggingarlýsingu.

Skjólveggur er úr steinsteypu og múrhúðaður.

Útgöngu– og neyðarlýsing verður í byggingunni og eru ÚT–ljós ásamt rýmingarleiðum og brunaslöngum
sýnd á brunavarnaruppdrætti

Innkeyrslu–og vöruhurðir skal ætíð vera hægt að opna auðveldlega handvirkt.

Viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi skal tengt viðurkenndri vaktstöð skv.
byggingareglugerð, hannað og uppsett í samræmi við reglur Brunamálastofnunar og ÍST EN54.

Handslökkvitæki staðsetjist í samráði við slökkviliðsstjóra/eldvarnareftirlit.

Þakgluggar til reyklosunar úr auðbrennanlegu efni eru á þaki iðnaðarsvæðis alls um 45 m² sem er um 5% af gólfflatarmáli iðnaðarhluta.

Þakgluggar eru jafnframt á gangi skrifstofusvæðis
7 stk 2 m² hver, alls 14 m²

| dags | breyting | nafn |
|---|---|---|
| 14.12.00 | Brunamál | SG |
| 22.05.01 | Brunamál og loftpressuklefa bætt við | SG |
| 02.07.01 | Byggingarlýsing | SG |
| 24.08.01 | Sorp og Þvottaplan fært | SG |
| 25.02.02 | VC stækkuð hjá körlum | SG |

HAFNARFJARÐARBÆR
UMHVERFIS-OG TÆKNISVIÐ

# Þjónustumiðstöð, Hringhella 9

Strendingur ehf.
Verkfræðiþjónusta
Reykjavíkurvegur 68 – 220 Hafnarfjörður
sími: 565 5640, fax: 565 5641

## Grunnmyndir

Hafnarfirði 28/2 2002
Ásmundur Sigvaldason kt.240545–4119

| | | |
|---|---|---|
| hannað: ÁS | teiknað: JW | yfirfarið: |
| dagsetning: okt. 2000 | teikn. nr: 101 | mælikvarði: 1:100 A1 |